

Sp.

82. Fyrirspurn

[80. mál]

til félagsmálaráðherra um einingahús.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hvaða aukning hefur orðið á framleiðslu íslenskra einingahúsa sl. þrjú ár?
2. Hvert var hlutfall einingahúsa af húsbyggingum árið 1983 í stærstu þéttbýliskjörnum annars vegar og hins vegar á smáum þéttbýlisstöðum og í dreifbýli?
3. Hver var meðalstærð einingahúsa á árinu 1983 í samanburði við önnur einbýlishús sem byggð voru á hefðbundinn hátt?
4. Hvaða áhrif er talið að breyttar úthlutunarreglur húsnæðislána, sem samþykktar voru í húsnæðismálastjórn 19. sept. sl., hafi:
 - a. á fjármögnun húsbyggjenda er kaupa og fá einingahús afhent eftir næstu áramót?
 - b. á framleiðslu einingahúsa sem iðnað í landinu?
 - c. á byggingarmarkaðinn í heild og verðlag á húsnæði?
5. Eru þessar breyttu úthlutunarreglur húsnæðislána til marks um stefnubreytingu í húsnæðismálum og ef svo er hvað er talið vinnast með slíkri breytingu?